

kand.juris Hannes Hafstein, greiði stefndu, ekkjufrú Jóhönnu Kr. Bjarnason, 10—tíu—krónur í kost og tæring.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 25. nóvembermán.

Nr. 40/1889

Ingibjörg Grímsdóttir

gegn

uppboðs- og skiptaráðandanum í
Reykjavík fyrir hönd protabús
Gunnlaugs Stefánssonar.

D ó m u r :

Hinn 27. okt. f. á. var að ráðstöfun skiptarjettarins í Reykjavík, sem hafði til meðferðar protabú Gunnlaugs kaupmanns Stefánssonar, haldið 2. uppboð á húseigninni nr. 3 í Þingholtsstræti í Reykjavík, er nefnt protabú taldi sína eign, en á þessu uppboði mætti áfrýjandinn, ekkjan Ingibjörg Grímsdóttir í Reykjavík, og mótmælti sölu á hálfri húseigninni, sem hún kvað sig rjettan eiganda að samkvæmt samningi 20. nóv. 1886, milli hennar og hins gjaldprotá, Gunnlaugs kaupmanns Stefánssonar. Um þessi mótmæli var síðan á 3. uppboðinu á húseigninni, 10. nóv. f. á., kveðinn upp úrskurður fyrir uppboðsrjetti Reykjavíkur svo hljóðandi, að mótmæli áfrýjandans bæri eigi að taka til greina; en þeim úrskurði hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins og gjört þar þær rjettarkröfur, að mótmæli hennar fyrir uppboðsrjetti Reykjavíkur 27. okt. f. á., gegn sölu hins umþráttada húshelmings, verði að öllu leyti tekin

til greina, og *til vara* að húshelmingurinn verði því að eins seldur, að protabúið borgi henni út að fullu þá upphæð, er hún hafi þegar greitt fyrir hann, eða *til þrauta-vara*. að henni verði við söluna geymdur rjettur til æfilangrar leigulausrar íbúðar í húshelmingnum. Hvernig sem úrslit málsins verði, hefur hún auk þess krafizt málskostnaðar hjá stefnda eptir mati rjettarins. Stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að hinn áfrýjandi úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi skylduð til að greiða sjer málskostnað eptir rjettarins mati.

Áfrýjandi hefur sjer í lagi byggt kröfur sínar hjer fyrir rjettinum á fyrnefndum samningi, dags. 20. nóv. 1886, milli hennar og þáverandi kaupmanns Gunnlaugs Stefánssonar, sem nú er farinn til Ameríku en bú hans tekið til meðferðar sem protabú. Í samningi þessum er svo til orða tekið, að semjendur, áfrýjandi og hinn nú gjaldþrota Gunnlaugur Stefánsson, eigi hina umræddu húseign í sameiningu, sinn helming hvort, borgi því upp frá þeim degi kostnað og gjöld af húsinu að helmingi hvort, og njóti einnig til helminga leigu og annars ágóða af húsinu. Svo er ákveðið, hvernig húsum skuli skipt milli þeirra til afnota og viðhalds og síðan getið þess, að áfrýjandi hafi þegar greitt upp í sinn helming hússins 2400 kr. og hafi tekið að sjer 300 kr. skuld, er á húsinu hvíli, en auk þess eigi hún að borga sameignarmanni sínum 650 kr., 450 kr. þá þegar, en 200 kr. fyrir júnímánadarlok næsta ár (1887). Þá stendur enn í samningnum, að «þegar áfrýjandi hafi greitt Gunnlaugi Stefánssyni fyrnefndar 650 kr., skuli hann með formlegu afsalsbrjefi afsala henni helming hússins, ef hún óskar, en annars skuli samningur þessi gilda sem eignarheimild fyrir

þau bæði». Í samningnum segir, að Gunnlaugur Stefánsson hafi byggt húsið (stækkað það) á sinn kostnað, og í hinni nú síðast tilfærðu klausu samningsins kemur hann beinlínis fram sem seljandi þess, og verður því eigi, gegn mótmælum stefnda, tekið tillit til þess, sem áfrýjandi hefur nú undir málinu meðfram viljað halda fram, að hún hafi keypt húsið í fyrstunni fyrir sína peninga og kostað stækkunina að helmingi, enda stýðst það eigi við annað sem fram er komið í málinu. Úrslit máls þessa eru því komin undir því, hvort áfrýjandinn er orðin eigandi að hálfu hinu umrædda húsi samkvæmt samningnum 20. nóv. 1886, en til þess verður hún, sem ekki hefur neitt annað skjal svo sem afsalsbrjef að byggja á, að sanna, eptir því sem skilja verður hina síðast tilfærðu klausu samningsins, að hún hafi í tæka tíð eptir samningnum greitt af hendi hinar áskildu 650 kr., því þá að eins átti samningurinn að vera henni sem eignarheimildarskjal. En það er hvorttveggja, að áfrýjanda hefur eigi tekizt að sanna þetta, enda hefði það eigi verið einhlítt, þar sem samningurinn er ópinglesinn og gat því eigi, að álit yfirdómsins, hvort sem var, verið bindandi fyrir protabúið sem eignarheimild samkvæmt gildandi lögum um pinglýsingar, tilsk. 24. apríl 1833 sbr. d. l. 5. 3. 28. og fl. og tilsk. 28. apríl 1841.

Það verður þannig að fallast á það, að uppboðsráðandi með hinum áfrýjaða úrskurði neitaði að taka til greina mótmæli áfrýjanda fyrir uppboðsrjettinum, og þar sem engin ástæða er til að taka fremur varakröfur áfrýjanda til greina en aðalkröfu hans, verður að sýkna stefnda af öllum kröfum áfrýjanda og staðfesta hinn

áfrýjaða uppboðsrjettarúrskurð. Í málskostnað virðist hæfa að áfrýjandi greiði stefnda 30 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði uppboðsrjettarúrskurður á að standa óraskaður. Áfrýjandi, ekkjan Ingibjörg Grímsdóttir, greiði stefnda, uppboðs- og skiptaráðanda Reykjavíkur, 30 krónur í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 35/1889

Presthólaprestakall

gegn

Ingimundi Rafnssyni,
eiganda jarðarinnar Brekku.

D ó m u r :

Í máli þessu, sem risið er út af ágreiningi um landamerki milli prestssetursins Presthóla og bændaeygnarinnar Brekku í Núpasveit í Þingeyjarsýslu og sem því hefur höfðað verið og dæmt sem landamerkjámál, hefur eigi verið fram lagður afstöðuppdráttur, en yfirdómurinn getur eigi án slíks uppdráttar áttað sig svo þ malinu, að hann fái sjæð, hvort lögleysa er í dóminum að efni til, og verður því ex officio að ónýta hinn áfrýjaða merkjadóm samkvæmt 12. gr. landamerkjaganna 17. marz 1882 og vísa málinu heim aptur, Páli málaflutningsmanni Briem sem skipuðum talsmanni áfrýjanda bera í málf lutningslaun 25 kr., er greiðist af almannaþje; að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir yfirdómi eptir atvikum niður.